

*Snertihitastig:*

T	≤	5°C
5°C	< T ≤	20°C
20°C	< T ≤	40°C
40°C	< T ≤	70°C
70°C	< T ≤	100°C
100°C	< T ≤	121°C
121°C	< T ≤	130°C
130°C	< T ≤	150°C
T	>	150°C

*Mælihitastig:*

5°C
20°C
40°C
70°C
100°C eða endurflæðis- hitastig (reflux temp.)
121°C (*)
130°C (*)
150°C (**)
175°C (**)

---

(\*) Nota skal hermi C.

(\*\*) Nota skal hermi D við 150° og 175°C ásamt hermum A, B og C.

---

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 192/1993, um innskatt.**

## 1. gr.

2. málsli. c-liðar, 1. tölul., 1. mgr. 9. gr. falli brott.

## 2. gr.

Á eftir orðunum “þó ekki um” í 2. málsli. 2. mgr. 9. gr. komi: sérútbúnað bifreiðar sem um ræðir í 3. mgr.

## 3. gr.

Við 3. mgr. 9. gr. bætist tveir málsliðir svohljóðandi:

Bifreið, sem er sérútbúin til viðgerðarþjónustu og greinilega merkt viðkomandi atvinnufyrirtæki, má þó geyma við heimili starfsmanns eða eiganda enda sé hún þá notuð til að sinna fyrirvaralausum útköllum. Sækja skal sérstaklega um heimild til slíkra nota til skattstjóra.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1994.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Jón H. Steingrímsson.*